

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2016, fimmtudagurinn 18. febrúar, var haldinn 143. fundur Hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í Neskirkju og hófst kl. 12.00. Viðstödd voru: Sverrir Bollason, Teitur Atlason, Marta Guðjónsdóttir, Börkur Gunnarsson og Gréta Björg Egilsdóttir. Einnig sátu fundinn þau; Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri í Vesturgarði, og Hörður Heiðar Guðbjörnsson verkefnastjóri í Vesturgarði sem jafnframt ritaði fundargerðina. Gestur fundarins var: Birgir Þróstur Jóhannsson frá Íbúasamtökum Vesturbæjar.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindisbréf frá skrifstofu borgarstjóra, dagsett 20. janúar 2016, varðandi fundarsetu nefndarmanna í Hverfisráði.
2. Hjólreiðabraut við Kirkjustræti: Hverfisráð tekur jákvætt í þessa tillögu sem borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokks leggur fram, dagsett 20. nóvember 2014, vegna hjólreiðabrautar við Kirkjustræti.
3. Hringbraut – Hofsvallagata: Lagt fram bréf úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs dagsett 03.02 2016 vegna Hringbrautar. Bréf dagsett 05.02 2016.

Bókun Hverfisráðs:

Hverfisráðið er hlynnt því að umferðaröryggi sé bætt með aðgerðum sem taka á hraðakstri á Hringbraut. Ráðið minnir líka á að aðkallandi sé að skoða Hringbrautina í heild og bæta umferðaröryggi á fleiri stöðum við götuna og bendir á að þessi framkvæmd ein og sér leysir ekki allan þann vanda sem við er að etja. Bent er á að framkvæmdin verði að taka mið af þeirri hönnun sem verði á Hofsvallagötu þegar fram líða stundir og því er óskað eftir að ráðið verði upplýst um framvindu málsins.

Lögð fram svohljóðnandi tillaga sjálfstæðismanna:

Lagt er til að blómakassar við Hofsvallagötu verði fjarlægðir sem fyrst og götunni komið í fyrra horf í samræmi við óskir íbúa. Framkvæmdir og breytingar sem gerðar voru á Hofsvallagötu í lok síðasta kjörtímabils voru mjög umdeildar og vöktu hörð viðbrögð íbúa. Á fjölmönnum íbúafundi í Hagaskóla kom skýrt fram að íbúunum fannst breytingarnar misheppnaðar og ekki til prýði fyrir umhverfið. Þess var krafist á fundinum að götunni yrði breytt aftur í sama horf. Það hefur ekki verið gert nema að hluta til þegar fuglahús og flögg voru fjarlægð. Enn skaga klunnalegir blómakassar út í götuna sem mikil óprýði er af, út sprejjaðir og fullir af arfa og órækt á sumrin og hindra sjónlínu vegfarenda, sérstaklega barna sem þurfa að fara yfir götuna.

4. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030: Lagt fram bréf úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs dagsett 03.02 2016 vegna aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Bréf dagsett 12.02 2016.
5. Almenn umræða um skólamál í Vesturbænum: Farið yfir ýmis mál er varða grunnskólana í Vesturbænum. Ákveðið að fá aðila frá SFS á fund ráðsins fyrir vorið, til að fara almennt yfir skólamál í hverfinu.

6. Umsagnir hverfisráða um framkvæmd hverfakosninganna Betri hverfi 2016: Formanni falið að skila inn drög að svari sem borin verða fyrir ráðið.
7. Úthlutun styrkja úr hverfisráði: Farið yfir styrki sem hverfisráð hefur verið með ár hvert. Sama fyrirkomulag á að vera á þessu ári.
8. Önnur mál: Gréta Björg Egilsdóttir er að láta af störfum sem nefndarmaður í hverfisráði Vesturbæjar og var henni þakkað kærlega fyrir gott samstarf.

Fundi slitið kl. 11.55

Sverrir Bollason (sign)

Teitur Atlason (sign)
Marta Guðjónsdóttir (sign)

Börkur Gunnarsson (sign)